

Akureyrarbær  
Pétur Bolli Jóhannesson,  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Geislagötu 9  
600 Akureyri

Umhverfisstofnun
Áb. _____
23 FEB. 2010
10.4.3
Tilv. _____




UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 23. febrúar 2010  
Tilvísun: UST20100200045/ksj

### Deiliskipulag miðbæjar Akureyrar - austurhluti

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Akureyrarbæjar er barst 9. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulag miðbæjar Akureyrar - austurhluta. Erindinu fylgja greinargerð, umhverfisskýrsla og upprættir.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagið enda er ekki um að ræða framkvæmdir á svæði á náttúruminjaskrá, eða svæðum sem falla undir 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og ekki er verið að framkvæma á svæðum þar sem eru lykilvistkerfi sem ber að vernda samkvæmt stefnu íslenskra stjórnvalda. Einnig kemur fram að ekki er áætluð mengandi starfsemi á deiliskipulagssvæðinu. Umhverfisstofnun vill minna á að gæta þarf þess að í jarðvegi sem grafinn verður úr síkisstæði og settur í fyllingu á Torfunesi, séu ekki að finna efni sem talin eru upp í II. viðauka laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Virðingarfyllst  
  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Hjalti J. Guðmundsson  
Sviðsstjóri

Skipulagsstofnun  
Alta